

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. febrúar 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-5/2009:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 21. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa fyrir hönd föður síns, A. Sá ágreiningur sem uppi er varðar kostnað samfara viðgerð á þvottavél að fjárhæð kr. 6.387. Þvottavélin var keypt hjá raftækjaversluninni Y, og beinir álitsbeiðandi kröfum sínum að þeirri verslun.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 3. febrúar. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 12. febrúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðnin er svohljóðandi:

##### **„Upplýsingar um keypta vöru/hlut eða þjónustu**

Þann 18. nóvember 2006 keypti faðir minn þvottavél af tegundinni B hjá Y sem var ekki tekin í notkun fyrr en um miðjan febrúar 2007. Þann 24. september 2007 byrjaði hún að leka og benti Y mér þá á að hafa samband við Z sem er þjónustuaðili fyrir B. Ég hafi samband við þá þann 25. september og fékk viðgerðarmann. Hann vissi ekki hvað var að vélinni og vildi fá hana á verkstæðið og fór hún sama dag. Hinn 2. október hringdi faðir minn í þá og þá er vélin hjá þeim en þeir sögðust myndu senda hana heim þegar hún væri tilbúin og kom hún seinni part sama dags.

Eftir að vélin kom heim var fúkkalykt úr henni og hafði ég samband við Z (D) út af því þann 14. okt. og var beðin um að sjóða í henni með uppþvottavéladufti (sem ég var búin að reyna) og klór. Ég gerði bæði en ekkert virkaði. Ég var líka beðin um að athuga hvort slangan úr vélinni væri of langt inn í vegginn sem hún var svo ekki.

Ég hafði aftur samband við D í Z þann 20. okt. og sagði honum að mér fyndist lyktin koma úr gúmmíinu og sendi hann því mann til mín til að skoða hana þann 21. okt. Það var skipt um gúmmí og vilja þeir meina að ég eigi að bera kostnaðinn af því kr. 6.387 þar sem gúmmí sé ekki í ábyrgð. Ég hringdi í Y og sendi email á E og hann sagði að gúmmí væri ekki í ábyrgð þar sem það eyðilegðist ekki nema það sé settur of mikill þvottur í vélinni og því sé ábyrgðin mín. Gúmmíið er ekki ónýtt, heldur er bara mikil fúkkalykt af því eftir að vélin kom úr viðgerð. Þetta er s.s. gúmmíhringur á milli hurðarinnar á þvottavélinni og tromlu vélarinnar.

##### **Ágreiningsefni**

Það var engin lykt úr vélinni áður en hún fór í viðgerð. Hún fór í viðgerð út af smá leka og kom til baka með fúkkalykt. Y vill meina að gúmmí skemmist bara ef það er settur of mikill þvottur í vélinni en það er ekki tilfellið hér. Gúmmíið sjálft er heilt enda hefur það

ekkert skemmt út frá sér, heldur leiddi meðferð viðgerðaraðila á vélinni til þess að það kom fúkkalykt af gúmmíinu. Í framhaldinu varð svo að skipta um gúmmíð, enda kom veruleg fúkkalykt af því sem ekki var hægt að bæta úr. Ég er með gúmmíð í höndunum og því er minnsta mál að staðfesta þetta.

#### **Kröfur og rökstuðningur**

Ég fer fram á að Y borgi fyrir gúmmíð og viðgerðina að fjárhæð 6.387 kr. þar sem gúmmíð kom gallað úr viðgerðinni þar sem vélin hafði lekið. Það var engin lykt úr vélinni þegar hún fór í viðgerð heldur kom hún fyrst upp að viðgerð lokinni og því er eðlilegt að álykta að sú viðgerð hafi verið ófullnægjandi, eða fyrra tjón sem ég fékk bætt hafi leitt til þess að gúmmíð hafi skemmt. Það eru því bein orsakatengsl milli fyrri viðgerðar eða galla, sem ég ætti ekki að bera ábyrgð á.“

### **IV**

#### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.-3. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Y hefur ekki hreyft andmælum við lýsingu álitsbeiðanda á viðskiptum þeirra þótt versluninni hafi verið gefinn kostur á því. Af þeim sökum verður kærunefndin að byggja niðurstöðu sína á frásögn álitsbeiðanda af viðskiptum aðila. Kærunefndin hefur skoðað gúmmíhringinn og er ekki að sjá neina skemmd á honum og ekki finnst af honum fúkkalykt.

Í álitsbeiðni kemur fram að þvottavél föður álitsbeiðanda hafi farið til viðgerðar vegna leka á verkstæðinu Z sem er þjónustuaðili fyrir Y. Við þennan galla var gert eiganda þvottavélarinnar að kostnaðarlausu og liggur þannig fyrir viðurkenning seljanda á því að galli hafi verið á þvottavélinni sem honum var skylt að bæta úr, sbr. ákvæði 1. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003. Af einhverjum ástæðum sem ekki eru upplýstar var fúkkalykt af gúmmíhring í vélinni þegar hún kom úr viðgerð og álitsbeiðandi fullyrðir að ekki hafi verið þegar vélin fór í viðgerðina. Þrátt fyrir tilraunir sem álitsbeiðandi gerði í samráði við þjónustuaðilann tókst ekki að losna við fúkkalyktina á sínum tíma. Greip þjónustuaðilann því til þess ráðs að skipta um gúmmíhringinn og komst þvottavélin þannig í fullt lag eftir viðgerðina. Kærunefndin dregur af þessu þá ályktun að þjónustuaðili Y hafi metið það nauðsynlegt á sínum tíma að skipta um gúmmíhringinn til þess að þvottavélin kæmist í fullt lag og þá vegna fúkkalyktarinnar af gúmmíhringnum en ekki vegna þess að skemmdir væru á honum að öðru leyti. Voru þessi skipti þannig að álitu kærunefndarinnar hluti af þeim úrbótum sem seljanda var skylt að framkvæma vegna gallans sem fram hafði komið á vélinni. Kærunefndin álitur því að Y eigi að bera kostnaðinn af skiptunum.

### **VIII**

**Álitsorð**

Y greiði álitsbeiðanda, A, kr. 6.387.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir